



Hvalaskoðunarskip strandar

Mál nr.: **2025-022-S-013 Gunna Valgeirs ÍS**

Dagsetning: **20. maí 2025**

Staðsetning: **Vestan við Ögurrið í Ísafjarðardjúpi**

Atvik: **Skip strandar**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 20. maí 2025 um kl. 10:30 hélt hvalaskoðunarskipið Gunna Valgeirs úr Ísafjarðarhöfn áleiðis inn Ísafjarðardjúpi í átt að Skötufirði í hvalaskoðun. Veður var stillt en mikil þoka. Um borð voru 47 manns, 44 farþegar og þrír í áhöfn. Vestan við Ögurrif strandaði skipið en gat síðan bakkað fyrir eigin vélarafli af strandstað og út á meira dýpi. Farþegar um borð voru fluttir yfir í annað skip og var Gunna Valgeirs síðan dregin til hafnar á Ísafirði.

1. Helstu staðreyndir

Gunna Valgeirs

Skipaskrár nr. 2935

Útgerð: Auður K ferðaþjónusta ehf.

Smíðaður: Noregur 1987

Stærð: 70 BT

Mesta lengd: 22,3 m

Breidd: 5,4 m

Vél: 2X Detroit Diesel 750 kW, 1987

Fjöldi skipverja: 3

Fjöldi farþega: 44



2. Atvikalýsing


Þann 20. maí 2025 um kl. 10:30 hélt hvalaskoðunarskipið Gunna Valgeirs frá Ísafjarðarhöfn áleiðis inn Ísafjarðardjúpi í hvalaskoðun í átt að Skötufirði. Ferðinni hafði verið frestað um eina klukkustund vegna mikillar þoku en vonir stóðu til að henni myndi léttast. Veður var stillt en mikil þoka. Um borð voru 47 manns, 44 farþegar og þrír í áhöfn. Vestan við Ögurrif strandaði skipið á rífi (myndir 1 og 2) og stöðvuðust báðar aðalvélar þess.

Klukkan 11:48 kallaði Gunna Valgeirs eftir aðstoð á rás 16. Kallað var á öll skip í Ísafjarðardjúpi að halda á slysstað. Klukkan 11:58 var hópslysaáætlun á Vestfjörðum virkjuð. TF-EIR, þyrlla Landhelgisgæslunnar, lagði af stað á slysstað kl. 12:17 og þyrllan TF-GRO var sett í viðbragðsstöðu. Farþegar voru látnir fara fram fyrir stýrishús skipsins og setja á sig björgunarvesti.


Skipið var búið tveimur aðalvélum, tveimur stýrum og tveimur skrúfum og tóku skrúfurnar báðar niðri (myndir 3 og 4). Ákvörðun var tekin um að reyna að ræsa vélarnar og freista þess að bakka skipinu af rifinu. Gírum beggja aðalvéla var kúplað frá og vélarnar gangsettar. Þegar reynt var að kúpla gír stjórnborðs aðalvélarinnar inn gerðist ekki neitt. Þegar gír bakborðsvélarinnar var kúplað inn snerist skrúfan en mikið kast var á henni. Skipstjóra Gunnu Valgeirs tókst að bakka skipinu af rifinu út á meira dýpi fyrir eigin vélarafli og akkeri var látið falla. Skömmu síðar kom þjónustuskipið Örn á staðinn og

aðstoðuðu skipverjar við að taka upp akkerið og taka Gunnu Valgeirs í tog. Voru farþegar fluttir yfir í björgunarskipið Gísli Jóns sem var eitt þeirra skipa sem komu á slysstað. Björgun farþega fór þannig fram að Gísli Jóns lagðist utan á Gunnu Valgeirs. Það eru hlið á síðum beggja skipa og gátu farþegarnir gengið beint yfir í Gísli Jóns. Var farið með farþegana til hafnar í Súðavík. Í framhaldi af því var seinni þyrila Landhelgisgæslunnar, TF-GRO, afturkölluð. Þyrilan TF-EIR hélt til Ísafjarðar og var til taks ef á þyrfti að halda. Gunna Valgeirs var síðan dregin til hafnar á Ísafirði. Aðgerðum var formlega lokið kl. 13:44.

Að sögn skipstjóra var hann að líta eftir hval til skoðunar fyrir farþega þegar óhappið varð og gætti ekki að sér auk þess sem hann hafi ekki vitað af rifinu sem væri illa merkt inn á sjókort. Sagðist hann hafa verið með kveikt á öllum siglingatækjum þ.e. dýptarmæli, radar og siglingartölvu. Siglingartölvun var af gerðinni SeaTec sem ekki var með góð sjókort af svæðinu.



Mynd 1. Kort af strandstað.



Mynd 2. Kort af strandsvæðinu.



Mynd 3. Stjórnborðsskrúfa.



Mynd 4. Bakborðsskrúfa.

3. Greining

Mikil þoka var þegar skipið strandaði. Skipstjórinn hafði beðið í um klukkustund við bryggju eftir að þokunni létti. Þó var mikil þoka enn á svæðinu þegar skipstjóri skipsins tók ákvörðun um að leggja af stað í hvalaskoðunina.

Að sögn skipstjóra var hann meðvitaður um hvar hann var staðsettur þegar strandið varð en vissi ekki af grynningum á þessum stað og siglingartölva sem um borð í Gunnu Valgeirs væri ekki með fullnægjandi sjókort. Auk þessa sagði skipstjórinn að þó það hafi verið þoka á svæðinu þá hafi sól skinið í gegn og þar með hafi illa hafi sést á siglingartæki. Til viðbótar hafi hann ekki verið með athyglina nægilega á stjórnækjum.

Einungis tveir voru lögskráðir í áhöfn Gunnu Valgeirs, skipstjóri og vélstjóri. Leiðsögumaður var einnig um borð en að sögn skipstjóra hafði gleymst að skrá hann.

4. Niðurstöður

Ástæða strandsins var að skipstjórinn vissi ekki af grynningum og var ekki með viðeigandi sjókort til að styðjast við.

Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Kópavogi 12. febrúar 2026

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Jón Pétursson rannsóknarstjóri siglingasviðs.

